

**Nd.**

**112. Frumvarp**

til laga um æfinlega erfingjarentu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Upphæð þeirri, er greiddist ár hvert í erfðafjárskatt, samkv. lögum nr. 15, 11. júlí 1911, þó ekki yfir 20000 kr., skal skift í hluti, er nemi 1000 kr. hver.

2. gr.

Hver embættismaður hjer á landi, sem gefur saman hjón, (prestur, sýslumaður eða bæjarfógeti), skal við hvert nýár gefa skýrslu, er gengur til stjórnarráðsins, um hjón, er hann hefir gefið saman á næstliðnu ári, og tilgreina þar nöfn og heimili hjónanna.

3. gr.

Þeir 1000 króna hlutir, sem nefndir eru í 1. gr., ganga til hjúa þeirra, er gift hafa næsta ár á undan og verið hafa í ársvist á giftingardegi minst 5 ár, og eigi á fleiri en 2 heimilum, eftir 20 ára aldur, og ræður hlutkesti milli hjúa, hverjir hlutina fá, ef fleiri hafa gift á árinu en verðlaun geta hlotið. Stjórnarráðið sjer um hlutkestið, og skal niðurstaða þess birt í Lögbirtinga-  
blaðinu.

4. gr.

Hjú þau, sem þannig giftast og verið hafa á giftingardegi í ársvist samkvæmt 3. gr., skulu, ef þau vilja koma til greina við úthlutun erfingjarentunnar samkvæmt 3. gr., afhenda þeim, er framkvæmir giftinguna, og í síðasta lagi á giftingardegi, fullnægjandi skilríki fyrir því, að þau hafi verið í ársvinnumensku eins og lög þessi tilskilja, og skal senda stjórnarráðinu gögn þau með skýrslunni, sem getur í 2. gr.

Skyldur er hver húsbóndi, sem haft hefir slík hjú í ársvinnumensku, að gefa drengskaparvottorð um, hversu lengi hjúið var hjá honum sem árs-  
hjú. Varðar það sekt, 50—100 kr. til landssjóðs, ef synjað er um að gefa slíkt vottorð.

5. gr.

Eigi skerðir það rjett hjúa til að fá erfingjarentu, þótt þau á vinnu-  
menskutímabilinu hafi með samþykki húsbænda sinna verið við nám vetr-  
armánuðina á alþýðuskólum, svo sem búnaðarskóla eða gagnfræðaskóla, eða  
notið almenns náms annarsstaðar, ef þau vinna húsbændunum alt gagn sem  
hjú allan annan tíma ársins.

6. gr.

Þann hlut, sem hjúum hlotnast samkvæmt 3. gr., skal leggja í deild  
hinnar æfinlegu erfingjarentu í Söfnunarsjóði Íslands undir nafni eigandans  
sem vaxtaeiganda.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1921.